

52

15. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að virðing til váttryggingar á húsum í fleiri eða færri af hreppum þeim, þar sem brunabótasjóður er stofnaður, sje of há, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing eftir því sem ástæða virðist til. Lækki virðing á þeim húsum til jafnaðar við endurvirðing, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi sveitarfélags, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

16. gr.

Reikningsár hins sameiginlega brunabótasjóðs er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun og birtir í B-deild stjórnartíðindanna ár hvert.

17. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. apríl 1909.

Í stjórnarráði Íslands, 2. apríl 1909.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

53

Reglur

um

afnot Landsbókasafns Íslands.

A. Um afnot bóka og handrita í lestrarsalnum.

1. gr.

Lestrarsalurinn er opinn hvern virkan dag í 6 klukkustundir frá kl. 12—3 og 5—8 síðdegis.

2. gr.

Hverjum manni, sem er fullra 15 ára eða eldri, þökkalega til fara og hreinn, er heimilt að nota bækur og handrit Landsbókasafnsins í lestrarsalnum,

hvort heldur til að lesa í þeim eða rita eftir þeim. Skal hann gefa salsverðinum skriflega kvittun fyrir bókum þeim og handritum, er hann fær til afnota. Kvittunin afhendist honum aftur um leið og hann skilar bók þeirri eða handriti óskemdu, er hann hefir fengið til lesturs. Eigi má rita neitt nje strika í bækur eða handrit safnsins, óhreinka þau nje brjóta blöð í þeim.

53

3. gr.

Í lestrarsalnum skulu menn hafa hljótt um sig, og eru allar samræður í heyranda hljóði þar stranglega bannaðar.

4. gr.

Á lestrarsal skulu geymdar orðabækur safnsins, handbækur, helstu alfræðirit og aðrar þær bækur, sem hentugar eru til að fletta upp í, svo og bóka-skrár og ritaukaskrár þess; blek, pennar og þerriblöð verða þar einnig til afnota fyrir lesendur.

B. Um lán bóka út úr bókasafninu.

5. gr.

Útlánsstofa safnsins er opin hvern virkan dag kl. 1—3 síðdegis. Þaðan má fá bækur að láni út úr safninu. Lætur stofuvörðurinn bækurnar úti og tekur við þeim aftur, er þeim er skilað.

6. gr.

Allir embættismenn í Reykjavík og þeir menn aðrir þar búsettir, er landsbókavörður telur gilda og góða, geta fengið bækur að láni úr safninu. Aðrir bæjarbúar því aðeins, að þeir sýni ábyrgðarskírteini frá skilríkum manni búsettum í bænum, er landsbókavörður tekur gildan. Utanbæjarmenn geta eigi fengið bækur að láni, nema með sjerstöku leyfi landsbókavardar; skulu þeir þá vísa á áreiðanlegan mann innanbæjar, sem tekur á móti bókunum fyrir þeirra hönd, skilar þeim og ábyrgist þær.

7. gr.

Hverja þá bók, sem út er lánuð, skal stofuvörður skrásetja á þartil gerð eyðublað með greinilegum titli, brotstærð, prentstað, prentári og bindatölu, ef bókin er fleiri en eitt bindi; á eyðublað þetta skrifar svo lántakandi nafn sitt, stöðu, heimili og lántökudag.

8. gr.

Enginn má halda bók, sem hann hefir fengið að láni, lengur en 4 vikur, nje heldur hafa fleiri bækur að láni í senn en 5 bindi; þó má lengja lánsfrestinn, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og enginn annar hefir beðið um sömu bók, áður en fresturinn var útrunninn.

Nú skilar lántakandi eigi bók í tæka tíð, og skal þá senda heim til hans að sækja bókina, en lántakandi skal greiða sendimanni 25 auro í hvert skifti, sem sendimaður kemur til hans í þeim erindum. Ítrekuð vanskil varða missi lántökurjettar eftir úrskurði landsbókavarðar.

9. gr.

Lántakandi ábyrgist bækur þær, sem hann fær að láni og skemdir á þeim (sbr. 2. gr.). Nú týnist bók eða skemmist hjá lántakanda, og skal þá þeggar útvega nýja bók í hennar stað á kostnað lántakanda; hinni skemdu bók heldur safnið, þar til ný er fengin, síðan tekur lántakandi hana aftur sem sína eign. Greiði lántakandi eigi safninu fult andvirði týndrar eða skemdrar bókar, hefir hann fyrirgert öllum rjetti til útlána á bókum þess framvegis.

10. gr.

Þessar bækur fást ekki að láni út úr bókasafninu:

- a. handrit.
- b. myndir og myndasöfn, landabryjef, dýrmætar og fágætar bækur, sem erfitt væri að bæta, ef glötuðust.
- c. orðabækur, handbækur, og fræðisöfn yngri en 2 ára.
- d. skólabækur.
- e. skáldsögur og aðrar skemtibækur yngri en 2 ára.

11. gr.

Einu sinni á ári, 1.—14. d. maímánaðar, skal skila aftur öllum þeim bókum, sem þá eru í láni af bókasafninu, og fást engar bækur til láns þann hálfan mánuðinn. Eftir það fær enginn bók að láni, fyr en hann hefir skilað öllum þeim bókum, sem hann þá hafði.

Í stjórnarráði Íslands, 21. apríl 1909.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.